# HÚSÖNDIN

| 11.tbl. 4.árg.<br>23. mars 2021 | Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com<br>Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir | sími:<br>8492804 |
|---|---|---|

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 24. - 30. MARS

25.3. Jörgen Þorbergur Ásvaldsson
26.3. Selma Dröfn Ásmundsdóttir
28.3. Sólveig Pétursdóttir
29.3. Hjörtur Smári Sigurðsson

## Aðalfundur - Slysavarnadeildin Hringur

Aðalfundur Slysavarnadeilarinnar Hrings verður haldinn mánudaginn 29. mars næstkomandi í Björgunarstöðinni. Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf, kaffi og með því.

Hvetjum alla þá sem hafa áhuga á starfinu til að mæta, kynna sér starfið og ganga í félagið ef áhugi er fyrir.

Minnum á persónubundnar sóttvarnir.

Kveðja
Stjórnin

# Músík í Mývatnssveit

Mývetningar ferðafólk.
Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin nú um páskana.

## SKÍRDAGUR 1.APRÍL KL.20

Tónleikar í Skjólbrekku
Tónlist eftir m.a. Beethoven, Verdi, Rossini, Bellini og íslensk tónskáld.

## FÖSTUDAGURINN LANGI 2.APRÍL KL.20

Tónleikar í Reykjahlíðarkirkju
Tónlist eftir m.a. J.S.Bach, Pergolesi, Haydn, Mozart og íslensk tónskáld

Flytjendur eru:
Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran
Kristinn Sigmundsson bassi
Laufey Sigurðardóttir fiðla
Aladár Rácz píanó

Miðasala við innganginn. Hvetjum fólk til að panta miða í síma: 695 6121 á milli 13-15 alla virka daga fram að tónleikum.
Sóttvarnir verða viðhafðar samkvæmt settum reglum.
Rampar fyrir hjólastóla á báðum tónleikastöðum.
Velkomin !

## 57. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku, 24. mars 2021 og hefst kl. 09:15

Dagskrá:

1. 2103024 - Framkvæmdaleyfi fyrir niðurdælingarholu við Kröflu
2. 2103025 - Stofnun lóða við Kísiliðju
3. 2103017 - Hótel Laxá - Breyting á deiliskipulagi
4. 1806007 - Endurskoðun aðalskipulags
5. 1611022 - Skipulagsnefnd: Fundargerðir
6. 1905032 - Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga
7. 2003023 - Aðgerðir sveitarstjórnar til viðspyrnu vegna Covid-19
8. 2009018 - Stytting vinnuviku
9. 1902023 - Útikennslusvæði leik- og grunnskóla
10. 2103034 - Tilraunaverkefni um lífrænar auðlindir-úrgang
11. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra
12. 2006003 - Ungmennaráð - Málefni ungs fólks
13. 2103026 - Velferðar- og menningarmálanefnd
14. 1809012 - Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Fundargerðir
15. 1809011 - Skóla- og félagsmálanefnd: Fundargerðir
16. 2103029 – Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga

Kæru lesendur og viðskiptavinir
Húsöndin kemur út þriðjudaginn næsta 30. mars en verður í páskafríi vikuna þar á eftir. Fyrsti útgáfudagur eftir páska er 13. apríl.

Verðskrá:
1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk. 1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.
Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti husondin@gmail.com.
Ég minni á póstlista Húsandarinnar og heimasíðu Menningarfélagsins Gjallanda: www.gjallandi.is en þar er hægt að skoða Húsendur síðustu ára og kíkja á þær allra nýjustu.
Bestu kveðjur, Arnþrúður



Stjórn Fjöreggs boðar til aðalfundar Fjöreggs 29. mars í Skjólbrekku kl.20.
Gestur fundarins er Sveinn Margeirsson. Hann ætlar að ræða um hringrásarhagkerfið og loftslagsmál. Allir velkomnir.
Kl.21 hefjast svo venjubundin aðalfundastörf.

Með bestu kveðju
Stjórn Fjöreggs

Fjöregg

---

Leik- og söngtextar
Howard Ashman
Tónlist eftir
Alan Menken
Leikstjóri
Vala Fannell

Byggt á kvikmynd Roger Corman, handrit Charles Griffith.
Fyrst sett upp af WPA Theatre (Kyle Renick, framleiðslustjóri).
Fyrst sýnt í Orpheum Theatre, New York City af WPA Theatre,
David Geffen, Cameron Mackintosh og Shubert Organization

Þessi áhugaleiksýning er sett upp í samkomulagi við
Music Theatre International (Europe)

# litla Hryllingsbúðin

LH

Takmarkaður sýningafjöldi!

3. sýning, föstudaginn 26. mars kl 20:00
4. sýning, laugardaginn 27. mars kl 20:00
5. sýning, fimmtudaginn 1. apríl kl 20:00
6. sýning, föstudaginn 2. apríl kl 20:00
7. sýning, laugardaginn 3. apríl kl 16:00
8. sýning, mánudaginn 5. apríl kl 16:00

Miðapantanir:
www.leikfelagid.is - midi@leikfelagid.is
eða í síma 464 1129
Sími miðasölu er opinn sýningardaga
2 tíma fyrir sýningar.

Fullt verð 3.000
börn/afsl 2.000

Vegna covid er sætafjöldi takmarkaður.
Gestum er skylt að nota andlitsgrímur, börn fædd 2005 eða síðar þurfa ekki grímur.


FREYVANGSLEIKHÚSIÐ
Aðeins örfáar sýningar!
Dagbók Önnu Frank
Takmarkaður sætafjöldi
26. mars kl. 20:30
27. mars kl. 20:30
31. mars kl. 20:30
1. apríl kl. 20:30
3. apríl kl. 20:30
Miðasala á tix.is og síma 8575598
Uppfærð leikgerð og ný þýðing aldrei áður sýnd hér á landi.
Leikstjóri: Sigurður Líndal
Þýðandi: Ingunn Snædal
Miðasala raðar gestum í sæti í samræmi við nálægðartakmarkanir.
Sjá nánar á Freyvangur.is.
Bústólpi

# Auglýsing um skipulagsmál í Skútustaðahreppi

## Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags Skjólbrekku og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir Skjólbrekku við Skútustaði og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023. Um er að ræða 11,9 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir íbúðaruppbyggingu.

Skipulagssvæðið er innan skilgreinds þéttbýlis í aðalskipulagi. Að vestan liggja mörk skipulagssvæðisins að eftirfarandi skipulagsáætlunum; Deiliskipulag í landi Skútustaða II og Sel-Hótel við Mývatn. Að norðan ræður helgunarsvæði Mývatnsvegar, þjóðvegur 848. Að austan liggja skipulagsmörkin að gerfigígnum Dagmálaborg en að sunnan liggja mörkin að tjörnum þar sem Framengjar byrja.

Þegar vinna við gerð skipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing, skv.1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með föstudeginum 19. mars til og með miðvikudeginum 14. apríl 2021. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps.
Kynningarfundur verður haldinn að Skjólbrekku fimmtudaginn 24. mars 2021 kl 20:00 og varpað í lifandi streymi á facebook vef Skútustaðahrepps. Í ljósi sóttvarnarreglna skal þátttöku á kynningarfund tilkynna með því að senda póst á atli@skutustaðahreppur.is eða hringja í síma 464-6664.
Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma ábendingum á framfæri er gefinn frestur til og með 14. apríl 2021 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: atli@skutustaðahreppur.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,

skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps